

Ólafsdalur við Gilsfjörð

Fornleifarannsóknir árið 2023

6. áfangi



HILDUR GESTSDÓTTIR (RITSTJÓRI)

ADRIR HÖFUNDAR EFNIS:

BIRNA LÁRUSDÓTTIR & KRISTJANA VILHJÁLMSDÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

REYKJAVÍK 2023

FS959-18126



Forsíðumyndin Ólafsdal með rannsóknarsvæðið neðarlega á myndinni, á meðan á uppgreftri stóð. Horft í norðaustur (ljósmynd Hildur Gestsdóttir).

©Fornleifastofnun Íslands 2023

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Vefsíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit	
Myndaskrá	3
Grunnupplýsingar.....	5
Útdráttur	7
Abstract	7
Forsagan.....	9
Inngangur	15
Aðferðafræði	17
Uppgröftur	17
Gripir	17
Jarðvegssýni og fleyting.....	17
Niðurstöður.....	19
Mannvirki.....	21
Gripir.....	33
Lokaorð	35
Heimildir.....	37
Viðaukar.....	39
Viðauki 1: Einingaskrá	39
Viðauki 2: Gripaskrá	41
Viðauki 3: Sýnaskrá	41
Viðauki 4: Ljósmyndaskrá	42
Viðauki 5: Skýrslur Ólafsdalsrannsóknna	46

Myndaskrá

Mynd 1. Horft yfir tún í Ólafsdal til vesturs. Skólahúsið er skammt hægra megin og ofan við miðju (ljósmynd Birna Lárusdóttir).....	9
Mynd 2. Uppmæling rústasvæðisins frá 2017. Fyrirhugað uppgraftarsvæði afmarkað með ferhyrningi. Norður er upp (kortagerð Birna Lárusdóttir).....	11
Mynd 3. Skálarústin fyrir uppgröft. Horft í suðvestur (ljósmynd Birna Lárusdóttir).	12
Mynd 4. Drónamynd af rannsóknarsvæðinu við lok vettvangsrannsókna sumarið 2022. Austur er upp (ljósmynd Hildur Gestsdóttir).	13
Mynd 5. Hrundar hleðslur grafnir upp innan tóftar (kortagerð Stefán Ólafsson).	19
Mynd 6. Hrunin hleðsla í vesturenda uppgraftarsvæðis, [2044]. Horft í vestur (ljósmynd Stefán Ólafsson).....	20
Mynd 7. Rannsóknarsvæðið við lok vettvangsrannsóknar sumarið 2023. Vestur er upp (ljósmynd Hildur Gestsdóttir).....	21
Mynd 8. Helstu mannvirki á rannsóknarsvæðinu í lok vettvangsrannsóknar sumarið 2023. Ljósir steinar í miðju mannvirki eru merki um eldra byggingarskeið. Útlínur skála og stétt einnig sýndar á mynd (kortagerð Stefán Ólafsson).	23
Mynd 9. Stétt [2063]=[256] sem liggur úr skálatóft í átt að norðurinngangi í mannvirki. Suður er upp (ljósmynd Hildur Gestsdóttir).	24
Mynd 10. Steinahrúga <2023-55-6> neðarlega á mynd rétt utan við inngang á vesturvegg í mannvirki. Horft í suðaustur (ljósmynd Stefán Ólafsson).....	25
Mynd 11. Uppgrafin mannvistarlæg innan mannvirkis (kortagerð Stefán Ólafsson)..	26
Mynd 12. Troðið leirkennt yfirborðslag í suðurenda mannvirkis [2077] (ljósmynd Hildur Gestsdóttir).	27
Mynd 13. Steinþró [2051]. Norður er upp (ljósmynd Hildur Gestsdóttir).	28
Mynd 14. Veggur [2091] í suðvestur horni svæðis. Horft í suður (ljósmynd Stefán Ólafsson).....	29
Mynd 15. Grjóthrúga [2086] og hola með steinhellum [2087] rétt vestan við inngang í vesturvegg (ógrafið). Horft í vestur (ljósmynd Stefán Ólafsson).....	30
Mynd 16. Harris matrix – uppgrafin jarðlög 2022-2023.	31

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer: 201709-0076.

Þjóðminjasafnsnúmer: 2023-55.

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna: DA-198:137.

Birna Lárusdóttir (ritstj.) 2018. *Fornleifar í Ólafsdal við Gilsfjörð. Fornleifaskráning með landsháttagreiningu.* Fornleifastofnun Íslands, FS708-16132.

Stutt lýsing rannsóknar: Uppgröftur á bæjarstæði frá víkingaöld í Ólafsdal.

Tegund rannsóknar: Vísindarannsókn.


Staðsetning: Ólafsdalur við Gilsfjörð.

GPS hnít: ISN93: 372735A 548570N.

Rannsóknartími: 7. ágúst – 18. ágúst 2022.

Leyfishafi: Hildur Gestsdóttir.

Fjöldi starfsmanna: 6



Útdráttur

Einungis var unnið í tvær vikur við fornleifarannsóknir í Ólafsdal sumarið 2023. Haldið var áfram að vinna á nýja svæðinu sem opnað var sumarið 2022 vestan við skálatóftina, og það stækkað um 2 m til vesturs. Heildar rannsóknarsvæðið er því í dag 144,5 m². Rannsóknin á skálanum á árunum 2018-2021 á hafði leitt í ljós að hann hafði einungis verið íveruhús á elsta notkunarstigi, en eftir það virðist að hann hafi verið nýttur sem geymsla eða vinnuástaða. Vonast var til að rannsókn á þessu nýja mannvirki gæti aðstoðað við að túlka þessar breytingar sem verða á skálanum. Meiri hluti rannsóknartímans í ár fór í að afhjúpa nýopnaða svæðið, en helstu niðurstöður eru þær að innan rannsóknarsvæðisins er mjög illa farið mannvirki, grjótt- og torfhlaðið, um 13 x 6,5 m að utanmáli sem byggt hefur upp við vesturhlið skálans, samsíða honum. Tveir inngangar hafa verið í mannvirkið, á miðjum norðurgafli og á suðurenda vesturlangveggjar. Því síðarnefnda hefur verið lokað á síðustu notkunarstigi mannvirkisins. Nokkur troðin leirkennd yfirborðslög, auk steinþróar, 93 x 75 cm að utanmáli, voru grafinn upp innan mannvirkisins, sem virðist ekki hafa verið undir þaki þegar þessi yfirborðslög mynduðust. Inni í miðju mannvirkinu er búið að grafa fram töluvert af grjóti sem liggur eftir miðri tóftinni. Er þetta annað hvort merki um eldra byggingarskeið, eða jafnvel eldri byggingu undir mannvirkinu. Utan við mannvirkið vestan og suðvestanvert hafa komið í ljós vegggleðslur auk annara mannvirkja, t.d. mögulegar gryfjur, sem bendir til þess að frekari mannvistarleifar sé að finna vestan og suðvestan við núverandi rannsóknarsvæði, en fátt er hægt að segja um eðli þeirra á þessu stigi

Lykilorð: Víkingaöld, bæjarstæði, Vesturland, Gilsfjörður, Ólafsdalur

Abstract

The 2023 field season was only two weeks. The work involved continued excavation of the new area opened in 2022 west of the longhouse excavated 2018-2021, with the area being extended by 2 m to the west, making the current excavation area 144.5 m². The excavation of the longhouse had revealed that it was only used as a dwelling for a short period during its earliest phase, after that it appears to have been used mainly as a workspace and for storage. It was hoped that investigation of the structure to the west would aid in the interpretation of the changes in use of the longhouse. Most of the work during the 2023 season involved opening and cleaning the extended area, but the

main results are that within the excavation area is a very poorly preserved structure built of stone and turf, which is approximately 13 x 6.5 m in size built up against and parallel to the longhouse. This structure had two entrances, one in the middle of the northern gable and the other in the southern end of the western long wall. The later had been sealed with turf and stone structures during the later phases of use. Three trampled surfaces and a stone cist, with an external dimension of 93 x 75 cm. The lack of post-holes or post-pads would indicate that this was not a roofed structure while these deposits were forming. Stone features which are visible along the middle of the structure indicate that it may have earlier phases, or that an older structure sits below it. South and southwest of the structure are further turf and stone walls as well as other features, including possible pits, which would indicate the site extends beyond the current excavation area, although it is not possible to state much about their nature at this stage.

Keywords: Viking Age, farm stead, West Iceland, Gilsfjörður, Ólafsdalur

Forsagan

Birna Lárusdóttir

Ólafsdalur við Gilsfjörð er einkum þekktur fyrir minjar frá tímum fyrsta búnaðarskóla á Íslandi sem var í rekstri 1880-1907. Eftir að skólinn leið undir lok var rekinn hefðbundinn búskapur á jörðinni allt fram til ársins 1968 en eftir það fór hún í eyði og grotnuðu byggingar smám saman niður og týndu tölunni. Eftir stóð hið glæsilega skólahús, tvílyft timburhús á kjallara, sem reist var á árunum 1895-96. Lengi voru ýmsar hugmyndir uppi um að endurvekja forna frægð staðarins, gera húsið upp og hefja starfsemi sem hæfði staðnum. Þetta var meginmarkmið Ólafsdalsfélagsins sem var stofnað sumarið 2007. Á vegum þess hafa m.a. verið haldnar fjölsóttar hátíðir á staðnum hvert sumar og í húsinu hafa verið listsýningar og kaffisala. Uppbyggingarverkefnið reyndist umfangsmikið og fjárfrekt en árið 2015 gekk ríkið til samninga við Minjavernd um endurreisn staðarins.



Mynd 1. Horft yfir tún í Ólafsdal til vesturs. Skólahúsið er skammt hægra megin og ofan við miðju (ljósmynd Birna Lárusdóttir).

Uppbygging er nú hafin á húsum frá tímum skólans og sömuleiðis kveða samningar á um að gera skuli minjum þar hátt undir höfði og horfa til menningarlandslags í dalnum í heild sinni. Í tengslum við þessi áform var gert deiliskipulag fyrir hluta gamla heimatúnsins og fór Minjavernd þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að fornleifar þar yrðu skráðar. Sú vinna fór fram sumarið 2016¹ og í framhaldinu var ákveðið að láta ekki þar við sitja heldur skrá minjar á allri jörðinni, enda ljóst að um óvenjulega heildstætt og vel varðveitt menningarlandslag væri að ræða, ekki síst vegna ýmissa jarðarbóta og starfsemi frá búnaðarskólatímanum.² Við þessa vinnu uppgötvaðist fornlegt rústasvæði innarlega í dalnum, í tungunni milli Ólafsdalsár og Hvarfsdalsár. Þar var m.a. aflöng skálalaga rúst og við norðurenda hennar lítil rúst sem líkist jarðhúsi (sjá myndir 2 og 3). Prufuskurður var grafinn í stóru rústina haustið 2017 með tilstyrk Minjaverndar og tekin borkjarnasýni innan veggja og utan. Í ljós kom gólflög í stóru rústinni og hafa sýni úr því verið aldursgreind til víkingaaldar með C14 greiningu.³ Árið 2018 var gerð þriggja ára rannsóknaráætlun sem fól í sér uppgröft á skála og jarðhúsi. Styrkur fékkst úr Fornminjasjóði til að hefja uppgröft á staðnum og samhliða gerði Fornleifastofnun Íslands þriggja ára samning við Minjavernd þess efnis að fyrirtækið myndi styrkja rannsóknina þannig að greidd yrði fjárhæð með fengnum styrkjum sem tvöfaldaði upphæðina. Uppgröfturinn hófst sumarið 2018. Skálinn var þá afhjúpaður og reyndist samanstanda af fleiri en einu byggingarstigi. Í honum voru þykk gólflög, sáför og öskuhaugur utan við langvegg. Allt benti til að búið hefði verið á staðnum um nokkurt skeið.⁴ Sumurinn 2019 og 2020 héldu rannsóknar á skálanum og nærliggjandi byggingum áfram, en ýmislegt sem benti til þess að hann hafi einungis verið nýttur sem íveruhús á elstu nýtingarskeiðum, en svo hafi verið farið að nýta hann sem vinnslurými eða jafnvel geymslu.⁵ Uppgreftri á skálatófinni sjálfri lauk svo sumarið 2021.⁶ Sumarið 2022 hófst svo rannsókn á svæðinu vestan við skálann. Borkjarnarannsóknir og prufuskurðir höfðu bent til að þar væri annað mannvirki, byggt þétt upp við skálatóftina. Vonast var til þess að rannsókn á þessu svæði gæti aðstoðað við að túlka þær breytingar sem verða á nýtingu skálans. Þar var grafið fram torf- og grjóthlaðið mannvirki sem lá samsíða skálanum með inngang í norðurenda. Það mannvirki var þó töluvert minna en skálinn, um 11 x 4 m að innanmáli, og virðist hafa verið samtíða

¹ Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir 2016.

² Birna Lárusdóttir 2018.


³ Birna Lárusdóttir ofl. 2018.

⁴ Roberts og Birna Lárusdóttir 2019.

⁵ Lilja Björk Pálsdóttir 2019; Lilja Björk Pálsdóttir og Hildur Gestsdóttir 2021.

⁶ Hildur Gestsdóttir, 2022.

síðustu nýtingarskeiðum skálans. Sumarið 2022 var þetta mannvirki einungis grafið fram, engin mannvistarlög sem tengdust nýtingu hans voru rannsökuð.⁷



Mynd 2. Uppmæling rústasvæðisins frá 2017. Fyrirhugað uppgraftarsvæði afmarkað með ferhyrningi. Norður er upp (kortagerð Birna Lárusdóttir).

Markmið með rannsóknum í Ólafsdal eru margþætt. Auk þess að grafa upp skála hafa nú verið teknir prufuskurðir í fleiri byggingar á bæjarstæðinu til að varpa ljósi á búskaparhætti á notkunartíma skálans. Sömuleiðis hafa sýni verið tekin úr mýri austan rústanna til að skoða áhrif búsetu á gróðurfar í dalnum (sjá viðauka 1). Þekking á minjum frá víkingaöld, bæði kumlum og bæjarstæðum, hefur vaxið mikið á undanförunum árum með auknum fornleifarannsóknum víða um land. Vesturland og sunnanverðir Vestfirðir, einkum svæðið frá Laxárdal (Eiríksstaðir) norður í Patreksfjörð/Arnarfjörð (kuml í Hringsdal/Vatnsdal, Grelutóttir), er þó áberandi snautt af þekktum minjum frá víkingaöld. Þar er einungis vitneskja um örfá kuml sem flest voru rannsökuð fyrir meira en 100 árum en auk þess hefur á síðustu árum verið

⁷ Hildur Gestsdóttir 2023.

unnið að rannsóknum á víkingaaldarminjum í Arnarfirði á vegum Náttúrustofu Vestfjarða.



Mynd 3. Skálarústin fyrir uppgröft. Horft í suðvestur (ljósmynd Birna Lárusdóttir).

Uppgröftur í Ólafsdal er tvímælalaust tímabært innlegg í rannsóknir á landnámi og þróun byggðar á fyrstu öldum á svæðinu og er það von þeirra sem að rannsókninni standa að hún muni efla áhuga á minjum á svæðinu og ekki síst fornleifaskráningu sem er mjög skammt á veg komin í Dala- og Barðastrandasýslu. Fornleifaskráning er almennt góð forsenda frekari fornleifarannsókna og leiðir oft í ljós áður óþekktar rústir eins og dæmið um Ólafsdal sýnir. Hún hefur einnig leitt í ljós að menningarlandslag í Ólafsdal er einstakt á landsvísu. Búnaðarskólinn á þar mestan þátt og flestar minjar þar tengjast honum, til að mynda beðasléttur, nátthagar og vatnsveituminjar – tæknileg kunnátta sem síðar breiddist út um landið með nemendum skólans. Víkingaaldarrústir gefa dalnum tvímælalaust aukið gildi, enda verður hægt að fræðast þar um 1000 ára sögu dalsins, allt frá uppgangi í landbúnaði í upphafi tæknialdar aftur til landnáms. Með rannsóknum skapast styrkari forsendur fyrir menningartengdri

ferðþjónustu á staðnum sem hefur alla burði til að verða einn best kynnti og aðgengilegasti minjastaður á Vesturlandi og þótt víðar væri leitað.



Mynd 4. Drónamynd af rannsóknarsvæðinu við lok vettvangsrannsókna sumarið 2022. Austur er upp (ljósmynd Hildur Gestsdóttir).

Inngangur

Sumarið 2023 var haldið áfram að grafa upp mannvirki sem liggur þétt vestan við skálann í Ólafsdal. Rannsóknir á þessu svæði hófust sumarið 2022 og leiddu í ljós torf- og grjóthlaðið mannvirki, um 12 x 4 m að innanmáli, sem hafði verið byggt samhliða skálanum, þétt upp við vesturvegg hans. Inngangur var í norðurenda tóftarinnar, og stétt tengdi hana við dyr á vesturlangvegg skálans. Ekki var greinilegur suðurgafli á mannvirkinu, og erfitt að segja til um hvort vesturlangveggurinn sem grafinn var fram hafi verið endurbyggður eða hluti af öðru mannvirki sem lá vestan við uppgraftarsvæðið.⁸ Markmiðið með rannsóknum 2023 var því að stækka rannsóknarsvæðið til vesturs til að kanna hvort frekari mannvirki væri þar að finna og því næst halda áfram uppgreftri á svæðinu.

Þessi sjötti áfangi fornleifauppgrafter í Ólafsdal við Gilsfjörð fór fram dagana 7.-18. ágúst 2023. Alls unnu fimm fornleifafræðingar og einn fornleifafræðinemi við rannsóknina þetta árið. Þessi skýrsla er sú sjötta í röð uppgraftarskýrslna um rannsóknir í Ólafsdal.⁹ Birna Lárusdóttir ritaði kafla um forsögu fornleifarannsókna í Ólafsdal og Kristjana Vilhjálmsdóttir vann griparannsókn og -skýrslu. Hildur Gestsdóttir sá um úrvinnslu og skýrslugerð annarra uppgrafterhluta en naut aðstoðar Stefáns Ólafssonar við kortagerð. Brynja Árnadóttir sá um innslátt á frumgögnum og aðstoðaði við frágang á gripum. Að vettvangsvinnu komu fornleifafræðingarnir Birna Lárusdóttir, Hildur Gestsdóttir, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Oddgeir Isaksen og Stefán Ólafsson. Einnig tóku einn fornleifafræðinemi þátt: Agla Geirlaug Aradóttir Ringsted. Gestur Ragnar Oddgeirsson, grunnskólanemi, aðstoðaði einnig við uppgröftinn; keyrði hjólbörur og bar grjót. Kostnaður við rannsóknina var greiddur með styrk úr Fornminjasjóði.

⁸ Hildur Gestsdóttir 2023.

⁹ sjá Viðauki 5: Skýrslur Ólafsdalsrannsókna, en þar eru einnig skráðar skráningarskýrslur auk skýrslna um framvæmdarannsóknir á bæjarstæði búnaðarskólans í Ólafsdal.

Aðferðafræði

Uppgröftur

Uppgröftur og skráning mannvistarlaga fylgdi svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er m.a. í uppgrafterhandbók Fornleifastofnunar Íslands.¹⁰ Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d. jarðlag, holu, gröf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög og mannvirki sem hafa verið grafin upp í Ólafsdal. Á meðan á uppgreftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utan um aldursröð þeirra sem og annað samhengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið, þeim sem grefur, kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins t.d. þær sem taldar eru tilheyra sama notkunarskeiði, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgrafter í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við.

Gripir

Gripir sem finnast við uppgroft eru einnig mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a. gefið góða vísbendingu um aldur mannvistarlaga eða hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi. Ekki finnast allir gripir í samhengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgraftersvæði en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum gripir koma, eru eininganúmer mannvistarlaganna hengd við gripánúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið.¹¹

Jarðvegssýni og fleyting

Jarðvegssýni eru tekin úr mannvistarlögum til ýmissa greininga þar sem þurfa þykir. Fá jarðvegssýnin einnig einstök númer í hlaupandi númerakerfi og eru þau númer tengd eininganúmerum þeirra mannvistarlaga sem sýnin koma úr. Veltur stærð

¹⁰ Lucas, 2003.


¹¹ Lucas, 2003.

sýnanna á því í hvaða tilgangi þau eru tekin hverju sinni (skordýragreining, sníkjudýragreining, frjókornagreining, efnagreining, þurr- eða blautsigtun o.s.frv.).¹²

¹² Lucas 2003.

Niðurstöður

Uppgriftarsvæðið frá árinu 2022 (17 x 6,5 m)¹³ var stækkað um 2 m til vesturs þannig að heildar uppgriftarsvæðið sumarið 2023 var 17 x 8,5 m. Nýja svæðið var opnað með vélgröfu og yfirborðslög hreinsuð af með skóflu.



Mynd 5. Hrundar hleðslur grafnir upp innan tóftar (kortagerð Stefán Ólafsson).

Stækkun á svæðinu leiddi í ljós að grjóthleðsla [2044] sem skráð hafði verið sumarið 2022 sem mögulegur vesturlangveggur mannvirkisins¹⁴ reyndist vera seinni tíma viðbót, og virðist hafa verið grjóthlaðinn veggur með að minnsta kosti þrjú umför af

¹³ Hildur Gestsdóttir 2023.

¹⁴ Hildur Gestsdóttir, 2023.

grjóti sem fallið hefur til vesturs (sjá myndir 5 og 6). Svo virðist sem ekki hafi verið ytri grjóthleðsla, en fast vestan við vegginn voru nokkur blönduð hrunlög úr torfi og grjóti, [2064, 2065, 2067] sem hafa að líkindum verið úr þessum vegg. Það voru engin skýr merki um að það hafi verið innra torf í veggnum, en undan grjóthleðslu [2044] kom torfhrun [2075] sem er líklega hluti af sama ferli. Veggurinn virðist þó hafa verið hlaðinn upp við austurhlið eldri veggjar, [2084], sem var með nokkurn veginn sömu stefnu og hleðsla [2044] - sjá nánari umfjöllun hér að aftan. Norðan við hleðslu [2044], í norðvesturhorni uppgraftarsvæðisins var grafið í burtu torf- og grjóthrun [2071] og tilgengin hleðsla [2073] sem gæti hafa tilheyrt sama fasa/mannvirki og [2044] (sjá mynd 5). Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi hleðslur [2044]#[2073] hafa þjónað, þar sem engin eiginleg gólfög tengjast þeim, mögulega hafa þær tengst einhvers konar endurnýtingu á tóftinni eftir að hún fer úr notkun, mögulega sem einhvers konar aðhald.



Mynd 6. Hrunin hleðsla í vesturenda uppgraftarsvæðis, [2044]. Horft í vestur (ljósmynd Stefán Ólafsson).

Mannvirki

Undan hleðslum [2044/2073] og hrunlögum þeim tengdum komu í ljós leifar af norðvesturhluta af norðurgafli mannvirkisins, [2046], sem var að hluta skráður sumarið 2022, auk grjót- og torfhleðslu, [2084] sem virðast vera leifar af eldri vegg, líklega vesturlangvegg mannvirkisins (sjá myndir 7 og 8).¹⁵



Mynd 7. Rannsóknarsvæðið við lok vettvangsrannsóknar sumarið 2023. Vestur er upp (ljósmynd Hildur Gestsdóttir).

Ljós er að mannvirkið sem rannsakað er hér er mjög illa farið af seinna tíma raski. Við lok vettvangsrannsóknar sumarið 2023 virðist allt benda til að það hafi verið torf og grjóthlaðið, um 13 x 6,5 m að utanmáli, byggt upp við vesturlangvegg skálans, samsíða honum (sjá myndir 7 og 8). Þetta mannvirki afmarkast af nokkrum mismunandi einingum, sem eru enn allar ógrafnar. Austurlangveggurinn og austurhliðin af norðurgaflinum er torf- og grjóthlaðinn veggur, [2045].¹⁶ Veggurinn er breiðastur, um

¹⁵ Ath, þessir veggir eru ógrafnar.

¹⁶ Sjá líka Hildur Gestsdóttir, 2023.


1 m, við norðausturhornið, en þar virðist hann heillegastur og þar er grjóthleðsla á bæði ytra- og innra byrði veggjar með torf- og sand uppfyllingu á milli. Hrunlag, [2061]¹⁷ sem grafið var burtu við norðausturhorn veggjar [2045] afhjúpaði frekari hleðslur á ytra byrði veggjarins auk stéttar [2063], sem er framhald af stétt [256] sem lá inn í inngang í síðskálatóftina á síðari notkunarskeiði hans¹⁸ og tengir þannig þessi tvö mannvirki. Ytra byrði meirihluta suðurenda veggjarins var skorið af eldri rannsókn árið 2018,¹⁹ þar er veggurinn einungis 0,5 m á breidd, og bara grjóthleðsla við innra byrði. Vesturhlið norðurgafls er torf- og grjóthlaðinn veggur, [2046].²⁰ Veggurinn er mjög illa farinn af seinni tíma framkvæmdum á svæðinu, en hefur verið líkt og [2045] með grjóthleðslu á ytra- og innra byrði og torf og sand í fyllingu. Mest varðveitt breidd er 1 m. Rof er í veggnum við norðvesturhorn mannvirkisins, en sunnan við það eru leifar af því sem að líkindum markar vesturlangvegg mannvirkisins, [2084]. Hann er mjög illa farinn af seinni tíma raski, þá sérstaklega veggheðslu [2044], einungis tilgengnar grjóthleðslur og torf- & uppmokstur. Veggurinn er best varðveittur syðst, þar er hann um 1 m á breidd, en er einungis um 0,35 m þar sem hann er verst varðveittur. Veggur [2084] endar við dyr í suðurenda vesturveggjar. Sunnan við dyraopið er vel varðveittur veggstúfur sem markar suðvesturenda mannvirkisins, [2092]. Sá veggur er með grjóthlaðið innra- og ytra byrði og torf- og sandblandaðan jarðveg í fyllingu. Hann er einungis 1,5 m langur, og 1 m á breidd. Mögulegur suðurgافل mannvirkisins er ekki eins skýr. Austan við vegg [2092] er skorinn bakki, [2083] og röð af steinum, [2082] sem gætu markað ytri brún af vegg sem ekki er lengur varðveittur. Við mögulegt suðausturhorn mannvirkisins, á milli bakka [2083] og veggjar [2045] er þunnt dökkt lag sem myndar horn, sem gæti verið gamalt yfirborð sem veggur sem ekki hefur varðveist hefur staðið á. Svipað lag sést undan [2045], [2080], við norðurenda hans.

¹⁷ Stétt [2063] var skráð sumarið 2023 en ekki fjarlægð.

¹⁸ Lilja Björk Pálsdóttir, 2019.

¹⁹ Roberts og Birna Lárusdóttir 2019.

²⁰ Sjá einnig Hildur Gestsdóttir, 2023.



Mynd 8. Helstu mannvirki á rannsóknarsvæðinu í lok vettvangsrannsóknar sumarið 2023. Ljósir steinar í miðju mannvirki eru merki um eldra byggingarskeið. Útlínur skála og stétt einnig sjndar á mynd (kortagerð Stefán Ólafsson).



Mynd 9. Stétt [2063]=[256] sem liggur úr skálatóft í átt að norðurinngangi í mannvirki. Suður er upp (ljósmynd Hildur Gestsdóttir).

Tveir inngangar hafa í mannvirkið (sjá mynd 8). Annar er á miðjum norðurgafli, á milli veggja [2045] og [2046] og liggur stétt [2063]=[256] að honum. Sá er um 1,2 m að breidd.²¹ Annar inngangur var grafinn fram á suðurenda vesturveggjar, á milli veggja [2084] og [2092]. Sá var um 0,5 m á breidd, og var grjóthlaðinn. Nokkrar torf- og grjótfyllingar voru grafnar úr innanginum [2068] og [2076], og þannig skýrt að lokað hefur verið fyrir hann á seinni nýtingarstigum. Við norðvesturhorn inngangsins kom í ljós hrúga af smásteinum, <2023-55-6>. Steinarnir finnast náttúrulegir á svæðinu,²² en þarna hefur alls 21 steini verið safnað í hrúgu rétt utan við innganginn (sjá mynd 10), og síðan lent undir fyllingu [2076]. Erfitt er að segja til hver tilgangurinn var með að safna steinunum, þeir virtust ekki hafa verið grafnir niður, hvorki í vegginn né annars staðar, eins og búast mætti við ef þeir hefðu einhvers konar táknræna merkingu.

²¹ Sjá líka Hildur Gestsdóttir, 2023.

²² Sjá frekari umræðu í gripakafla hér að neðan.


Sumarið 2022 fannst áþekkur steinn sem virðist hafa verið lítillega unninn í hrunlögum inni í mannvirkinu,²³ og því möguleiki að þessum steinum hafi verið safnað sem hráefni sem hefur svo aldrei verið nýtt.



Mynd 10. Steinahrúga <2023-55-6> neðarlega á mynd rétt utan við inngang á vesturvegg í mannvirki. Horft í suðaustur (ljósmynd Stefán Ólafsson).

Einungis átta lög voru grafin innan mannvirkisins sumarið 2023. Upp við miðjan austurvegg, [2045], var hrun úr veggnum sjálfum, [2058]. Það var myndað úr steinaröð og torfhruni sem lá þétt upp við vegginn, og voru merki um að efri hluti veggjarins hafi að hluta hrunið inn í mannvirkið eftir að það fer úr notkun, en áður en að hrun- og foklög byrja að safnast innan tóftarinnar (sjá mynd 5). Undan þessu hrunlagi komu í ljós óröskuð vegghleðsla austurveggjar [2045].

²³ Hildur Gestsdóttir 2023, 27.



Mynd 11. Uppgráfin mannvistarlög innan mannvirkis (kortagerð Stefán Ólafsson).

Öll önnur mannvistarlög sem grafin voru upp sumarið 2023 innan tóftarinnar voru vestan megin, þar með talið þrjú troðin yfirborðslög, möguleg gólf, [2077]=[2078] og [2102] (sjá mynd 11). Þetta voru allt grábrún, leirkennd yfirborðslög, um 3 cm þykk, og fylgja öll veggjarleifum [2084]. Á milli [2077] og [2102] var lítið kolalag, [2100], sem minnti helst á útmokstur úr eldstæði, þó ekki sé ljóst hvaðan það er upprunið.



Mynd 12. Troðið leirkennt yfirborðslag í suðurenda mannvirkis [2077] (ljósmynd Hildur Gestsdóttir).

Upp við miðjan vegg [2084] var niðurgrafin steinþró, [2051], sem virðist hafa verið í notkun á sama tíma og þessi yfirborðslög voru að myndast (sjá myndir 11 og 13). Þróin er nokkurn veginn ferningslaga, 93 x 75 cm að utanmáli og 45 x 44 cm að innanmáli og um 40 cm að dýpt, hlaðin úr flötum hellum [2104], sem voru annars vegar lagðar í botn gryfjunnar, og hins vegar reistar upp á rönd meðfram bökkum hennar.²⁴ Einungis ein fylling var í steinþrónni, [2079], torfblandaður jarðvegur. Þetta er líklegast hrun og áfok sem safnast hefur innan tóftarinnar eftir að hún fór úr notkun, og tengist því ekki nýtingu hennar. Engin sýnileg merki eru í þrónni sem gætu skýrt til hún það var nýtt, t.d. engin merki um bruna eða þvíumlíkt. Engin merki eru heldur um stoðarholur eða annað burðarvirki innan mannvirkisins sem eru samtíða þessum yfirborðslögum, og því virðist sem að ekki hafi verið þak á því á þessu nýtingarskeiði. Þó ber að nefna að tóftin er ekki full grafin, og því ekki loku fyrir það skotið að þak hafi verið á eldri nýtingarskeiðum.

²⁴ Steinþróin er ekki fullgrafin og því bíður frekari lýsing seinni tíma.



Mynd 13. Steinþró [2051]. Norður er upp (ljósmynd Hildur Gestsdóttir).

Ýmis merki eru um að frekari minjar sé að finna vestan og suðvestan við núverandi rannsóknarsvæði. Upp við suðurenda hleðslu [2092] liggur önnur vegghleðsla, [2091]. Hleðsla [2091] virðist vera yngri, og er líkt og hleðsla [2092] með ytri- og innri grjóthleðslu og torffyllingu á milli. Hún er um 1 m á breidd, og með heldur suðvestari stefnu en veggur [2092]. Hleðsla [2091] liggur út fyrir núverandi syðri uppgraftarmörk. Austan við vegginn er farið að glitta í móöskulög sem virðast liggja upp að veggnum.



Mynd 14. Veggur [2091] í suðvestur horni svæðis. Horft í suður (ljósmynd Stefán Ólafsson).


Vestan við vegg [2084] og [2092] er farið að sjást í ýmis mannvirki sem eru enn órannsökuð (sjá mynd 8), möguleg leirfóðruð gryfja [2085], áþekk þeim sem grafnar voru upp í skálanum.²⁵ Gryfjan er vestan við norðvesturhorn mannvirkisins, og er um 1,5 m í þvermál. Vestan við innganginn á milli [2084] og [2092] mátti sjá grjóthrúgu [2086], 1,5 m í þvermál, sem liggur út fyrir vesturmörk uppgraftarsvæðis, mögulega leifar af einhvers konar mannvirki. Við hliðina á henni er lítil ferhyrnd hola, [2087],

²⁵ Lilja Björk Pálsdóttir 2019; Lilja Björk Pálsdóttir og Hildur Gestsdóttir 2021.

um 0,4 m í þvermál sem í eru grjóthellur upp á rönd, mögulega einhvers konar steinþró líkt og [2051] eða fóðruð stoðarhola.



Mynd 15. Grjóthrúga [2086] og hola með steinhellum [2087] rétt vestan við inngang í vesturvegg (ógrafið). Horft í vestur (ljósmynd Stefán Ólafsson).



Mynd 16. Harris matrix – uppgrafin jarðlög 2022-2023.

Gripir

Kristjana Vilhjálmsdóttir

Alls fundust 37 gripir við rannsóknir í Ólafsdal 2023, skráðir á sex fundanúmer. Þar af voru 35 gripir úr steini en tveir úr járn.

Járngrípirnir tveir voru báðir naglar. Nagli <2023-55-04> fannst í hrunlagi [2072] en nagli <2023-55-05> fannst í gólflagi [2077]. Brotið er af leggjum beggja nagla en þeir eru annars svipaðir að stærð. Nagli <2023-55-05> er með tígullaga haus, en nagli <2023-55-04> er verr varðveittur og er lögun ekki skýr.

Mulningur af flögubergi <2023-55-01> fannst við hreinsun á svæðinu. Aðeins er um litlar flísar að ræða, þær stærstu ekki meira en 1 cm í þvermál, og því ekki hægt að segja til um hlutverk en mögulega hefur gripurinn verið brýni.

Steinar <2023-55-02> og <2023-55-03> fundust í hrunlögum [2067] og [2072] og eru alls 13 talsins. Líklega er um að ræða basaltsteina, mögulega ætlaða sem hráefni, en frekari greiningar er þörf til að skera úr um það með vissu. Að auki fannst 21 aðfluttur smásteinn <2023-55-06> saman í hrúgu í undir fyllingu í dyraopi [2076], sjá mynd 10. Steinarnir eru flestir úr setbergi, líklega kísilríkt túff og eru svipaðir steinar algengir í dalnum, t.d. í gömlum árfarvegum. Hluti steinanna telst einnig hugsanlega til hráefnis en sambærilegur stærri steinn <2022-60-02> fannst á uppgraftarsvæðinu 2022 og er hann mögulega unninn að hluta.

Lokaorð

Sumarið 2023 fékkst minna fjármagn í fornleifarannsóknir í Ólafsdal en vonast hafði verið til, og því var uppgraftarsumarið einungis tvær vikur, sem takmarkaði þá vinnu sem hægt var að vinna. Sumarið 2022 kom í ljós að mannvist á svæðinu nær lengra í vestur og suðvestur en uppgraftarsvæðið, og því var ákveðið að stækka svæðið um 2 m í þær áttir, sem þýðir að uppgraftarsvæðið 2023 var 17 x 8,5 m. Í lok rannsóknna sumarið 2022 var grafið fram mannvirki sem var byggt þétt upp við skálatófina vestanverða, um 12 x 4 m að innanmáli, með inngang á norðurgafli. Þó voru útveggir mannvirkisins misvel varðveittir, til dæmis var ekki hægt að greina augljósan suðurgafli á því. Eftir stækkun á svæðinu sumarið 2023 kom í ljós að veggur [2044] sem skráður hafði verið sem vesturlangveggur mannvirkisins sumarið 2022 virðist hafa verið seinni tíma viðbót. Mannvirkið er illa varðveitt torf- og grjóthlaðið, um 13 x 6,5 m stórt með tvo innganga, annars vegar í miðjan norðurgafli, og hins vegar í suðurenda vesturlangveggjar, en þeim inngangi hefur á einhverjum tímamarki verið lokað með torf- og grjótfyllingu.

Grafin voru upp þrjú troðin leirkennd jarðlög í vesturhluta mannvirkisins, yfirborðslög sem tengjast nýtingu þess. Þessi jarðlög hafa myndast umhverfis steinþró sem var upp við austurvegg mannvirkisins miðjan. Á þessu stigi er ekki ljóst hvaða hlutverki þessi þró hefur þjónað, en möguleiki er að sýni sem tekið var úr fyllingu hennar varpi frekara ljósi á það. Álíka steinþrær að gerð og stærð hafa víða fundist við fornleifarannsóknir í á Íslandi í miðaldasamhengi. Sem dæmi má nefna við skálana í Lækjargötu,²⁶ Suðurgötu,²⁷ sem og í Gjáskógum.²⁸ Svo virðist sem þessar þrær hafi haft mismunandi hlutverk. Í Lækjargötu voru steinarnir í þróinni vatnssorfnir og hún fyllt með eldsprungnum steinum og talið að í því hafi verið hitað vatn, jafnvel tengt bruggun; í Suðurgötu var þróin fyllt byggi og fræjum af öðrum plöntum, og talið að þar hafi kornþurrkun farið fram, en í Gjáskógum er talið að þróin hafi haft það hlutverk að geyma eldivið.²⁹

Engar stoðarholur fundust sem tengjast þessu notkunarskeiði mannvirkisins, og því ólíklegt að þak hafi verið á því þegar þessi lög voru að myndast. Grjótlög eftir miðju

²⁶ Lísabet Guðmundsdóttir 2018, 69-70.

²⁷ Nordahl 1988, 104-105.

²⁸ Kristján Eldjárn 1961, 24-25.

²⁹ Lísabet Guðmundsdóttir 2018, 70; Nordahl 1988, 105; Kristján Eldjárn 1961, 28.

mannvirkinu, og koluð lög sem farið er að glitta í í austurhlutanum benda þó til þess að um sé að ræða annað hvort eldri byggingarskeið, eða að eldri mannvirki leynist undir. Einnig er ljóst að frekari mannvist er að finna á svæðinu utan við núverandi uppgraftarsvæði. Hleðsla [2091] tilheyrir öðru, líklega yngra, mannvirki sem liggur að mestu sunnan við núverandi uppgraftarsvæði, og farið er að sjást í móöskulög sem safnast hafa upp við vegginn austanverðan. Ýmis mannvistarlög vestast á uppgraftarsvæðinu, vestan við vegg [2084]/[2092] benda til þess að frekari mannvist sé að finna vestan við rannsóknarsvæðið, en á þessu stigi málsins er ómögulegt að segja til um það hvort að þarna hafi verið hús undir þaki eða einhvers konar vinnusvæði utandyra.

Ekki hefur verið unnt að greina aldur þessa mannvirkis með afgerandi hætti, hvorki hafa fundist aldursgreinanlegir gripir né lífræn sýni sem senda mætti í kolefnisgreiningu. Þó bendir jarðlagaskipan til þess að þær minjar sem rannsakaðar eru hér hafi verið samtíða yngstu byggingarskeiðum skálans, með öðrum orðum að þessi mannvirki séu frá 10.-11. öld.

Heimildir

- Birna Lárusdóttir. 2018. *Fornleifar í Ólafsdal við Gilsfjörð. Fornleifaskráning með landsháttagreiningu*. FS708-16132. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
- Birna Lárusdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir og Stefán Ólafsson. 2018. *Fornleifakönnun á víkingaaldarbæjarstæði í Ólafsdal*. Fornleifastofnun Íslands FS685-17231, Reykjavík.
- Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir. 2016. *Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í Ólafsdal. Viðauki með deiliskipulagsgreinargerð*. Fornleifastofnun Íslands FS618-16131, Reykjavík.
- Hildur Gestsdóttir. 2022. *Ólafsdalur við Gilsfjörð. Fornleifarannsóknir árið 2021. 4. áfangi*. Fornleifastofnun Íslands FS891-18124, Reykjavík.
- Hildur Gestsdóttir. 2023. *Ólafsdalur við Gilsfjörð. Fornleifarannsóknir árið 2022. 5. áfangi*. Fornleifastofnun Íslands FS924-18125. Reykjavík.
- Kristján Eldjárn. 1961. „Bær í Gjáskógum í Þjórsárdal.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1961, bls7-46.
- Lilja Björk Pálsdóttir. 2019. *Ólafsdalur við Gilsfjörð. Fornleifarannsóknir árið 2019. 2. áfangi*. Fornleifastofnun Íslands FS777-18122. Reykjavík.
- Lilja Björk Pálsdóttir og Hildur Gestsdóttir. 2021. *Ólafsdalur við Gilsfjörð. Fornleifarannsóknir árið 2020. 3. áfangi*. Fornleifastofnun Íslands FS841-18123, Reykjavík.
- Lísabet Guðmundsdóttir. 2018. *Fornleifarannsókn á lóð Lækjargötu 12, Reykjavík. Svæði A*. Fornleifastofnun Íslands FS706-15093, Reykjavík.
- Lucas, Gavin. 2003. *Archaeological field manual*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
- Nordahl, Else. 1988. *Reykjavík from the archaeological point of view*. Societas Archaeologica Upsalensis 12. Uppsala.
- Roberts, Howell M. og Birna Lárusdóttir. 2019. *Ólafsdalur 2018 - An interim report*. Fornleifastofnun Íslands FS731-18121, Reykjavík.

Viðaukar

Viðauki 1: Einingaskrá

Eining	Tegund	Hópur	Lýsing	Dags.	ID
2058	D		Veggjahrun.	9.8.2023	BL
2059	D		Fokmoldarlag í norðvesturhorni uppgraftarsvæðis.	9.8.2023	JVG
2060	D		Fokmoldarlag í suðvesturhorni svæðis.	9.8.2023	OI
2061	D		Hrun utan við norðausturvegg, við inngang.	9.8.2023	SÓ
2062	D		Gráleitt fokmoldarlag.	10.8.2023	OI
2063	D		Stétt inni í skála og framan við hús 2.	10.8.2023	SÓ
2064	D		Torf- og grjóthrun við norðvesturhorn byggingar.	11.8.2023	OI
2065	D		Fokmold og grjóthrun við suðurenda.	11.8.2023	HG
2066	D		Hrun/blandað lag syðst og vestast á nýju svæði.	11.8.2023	BL
2067	D		Torf- og grjóthrun við austur langhlið.	11.8.2023	SÓ
2068	D		Torf- og grjóthrun úr vesturvegg.	14.8.2023	HG
2069	D		Torfdreif blönduð viðarkolum.	14.8.2023	OI
2070	D		Torf- og grjóthrun í suðvesturhorni.	14.8.2023	AGAR
2071	D		Grábrúnleit torfdreif með viðarkolum og grjóti í innanverðu norðvesturhorni.	14.8.2023	OI
2072	D		Torf- og grjóthrun.	14.8.2023	SÓ
2073	D		Tilgengnar hleðslur/hrun.	15.8.2023	OI
2074	D		Neðsta steinaröð hleðsla [1044].	15.8.2023	HG
2075	D		Torfhrun. Hluti af sama prósess og [2074].	15.8.2023	OI
2076	D		Fylling í dyraopi?	15.8.2023	SÓ
2077	D		Grábrúnt "gólflag" með rústrauðum yrjum.	16.8.2023	OI
2078	D		sama og [2077].	16.8.2023	HG
2079	D	2051	Torffylling í steinpró.	16.8.2023	HG
2080	D		Ógrafið: Grátt kolablandað lag utan við og undir vegg [2045], yfirborð undan veggghlaðslu sem er horfin?	17.8.2023	HG
2081	D		Ógrafið: Grátt kola- og torfblandað lag utan við og undir vegg [2045], yfirborð undan veggghlaðslu sem er horfin?	18.8.2023	HG
2082	D		Ógrafið: Steinar upp við bakka [2083], hugsanlega leifar af suðurgafli?	19.8.2023	HG
2083	C		Ógrafið: Skorinn bakki - mögulega við suðurgafli mannvirkis	20.8.2023	HG
2084	G		Ógrafið: Grjót og torf, mögulegur vesturveggur, mjög illa farinn af seinni tíma framkvæmdum.	21.8.2023	HG
2085	G		Ógrafið: Möguleg leirfóðruð gryfja.	22.8.2023	HG
2086	G		Ógrafið: Hóla með uppréttum steinhellum	23.8.2023	HG
2087	G		Ógrafið: Steinhjúga	24.8.2023	HG
2088	G		Ógrafið: Grjót í miðju mannvirki	25.8.2023	HG

Eining	Tegund	Hópur	Lýsing	Dags.	ID
2089	G		Ógrafið: Grjót í miðju mannvirki	26.8.2023	HG
2090	G		Ógrafið: Grjót í miðju mannvirki	27.8.2023	HG
2091	G		Ógrafið: Torf- og grjóthlaðinn veggur, sunnan við vegg [2092]	28.8.2023	HG
2092	G		Ógrafið: Torf- og grjóthlaðinn veggstubbur, sunnan við inngang í vesturvegg mannvirkis.	29.8.2023	HG
2093			Ónotað		
2094			Ónotað		
2095			Ónotað		
2096			Ónotað		
2097			Ónotað		
2098			Ónotað		
2099			Ónotað		
2100	D		Kola- og malarlag, "dump".	16.8.2023	OI
2101	D		Torfhrun.	16.8.2023	SÓ
2102	D		Grábrúnt lag svipað [2077] en leirkenndara.	17.8.2023	OI
2103	D	2051	Steinar í steinpró - seinnitíma viðbót.	17.8.2023	HG
2104	D	2051	Steinar í steinpró.	17.8.2023	HG
2105	D		Torfhrun.	17.8.2023	SÓ
2106	D		Torf- og grjóthrun? Hleðsluleifar?	17.8.2023	OI
2107	D			17.8.2023	SÓ

Viðauki 2: Gripaskrá

Númer	Eining	Efni	Lýsing	Þyngd	Fjöldi	Dags.	ID
2023-55-1	Hreinsun	Steinn	Mulningur af flögubergi, stærstu flísar ekki lengri en 1 cm. Mögulega brýni.	6,30	1	10.8.2023	SÓ
2023-55-2	2067	Steinn	Basalt? Mögulega hráefni. 4 steinar, 4,5-7 cm í þvermál.	314,98	4	14.8.2023	SÓ
2023-55-3	2072	Steinn	Basalt? Mögulega hráefni. 8 steinar, 4,5-7,5 cm í þvermál.	1183,00	9	15.8.2023	SÓ
2023-55-4	2072	Járn	Nagli, brotinn. Haus og hluti af legg. Líklega aflangur haus, 1,3 x 0,6 cm.	2,07	1	15.8.2023	SÓ
2023-55-5	2077	Járn	Nagli, brotinn. Haus og hluti af legg. Tígullaga haus, 1,3 x 1,0 cm. Ferstrendur leggur, 0,5 cm í þvermál.	5,09	1	16.8.2023	OI
2023-55-6	2076	Steinn	Aðfluttir smásteinar. Hluti mögulega hráefni. Setberg, kísílríkt túff?	78,30	21	16.8.2023	SÓ

Viðauki 3: Sýnaskrá

Númer	Eining	Lýsing	Magn	Lýsing	Dags.	ID
2023-55-1	2079	Torffylling í steinþró.	10 l.	Fleyting	16.8.2023	OI
2023-55-2	2102	Yfirborðslag - norðan við steinþró [2051].	10 l.	Fleyting	17.8.2023	OI
2023-55-3	2102	Yfirborðslag - sunnan við steinþró [2051]	10 l.	Fleyting	17.8.2023	OI

Viðauki 4: Ljósmyndaskrá

Rammi	Eining	Átt	Lýsing	Dags.	ID
1	2059	A	Fokmold/yfirborðslag með smá kolum í norðvesturhorni uppgraftarsvæðis.	9.8.2023	JVG
2	2059	V	Fokmold/yfirborðslag með smá kolum í norðvesturhorni uppgraftarsvæðis.	9.8.2023	JVG
3	2059	N	Fokmold/yfirborðslag með smá kolum í norðvesturhorni uppgraftarsvæðis.	9.8.2023	JVG
4	2059	S	Fokmold/yfirborðslag með smá kolum í norðvesturhorni uppgraftarsvæðis.	9.8.2023	JVG
5	2058	A	Hruninn vegghluti.	9.8.2023	BL
6	2061		Torfhrun í norðaustur enda veggjar.	9.8.2023	SÓ
7	2061		Torfhrun í norðaustur enda veggjar.	9.8.2023	SÓ
8	2061		Torfhrun í norðaustur enda veggjar.	9.8.2023	SÓ
9	2060	V	Fokmold í suðvesturhorni.	9.8.2023	OI
10	2062	V	Grábrún fokmold í suðvesturhorni.	10.8.2023	OI
11	2063	A	Stétt.	10.8.2023	SÓ
12	2063	A	Stétt.	10.8.2023	SÓ
13	2063	V	Stétt.	10.8.2023	SÓ
14	2063	V	Stétt.	10.8.2023	SÓ
15	2063	V	Stétt.	10.8.2023	SÓ
16	2063	N	Stétt.	10.8.2023	SÓ
17	2063	S	Stétt.	10.8.2023	SÓ
18	2063	S	Stétt.	10.8.2023	SÓ
19	2063	S	Stétt.	10.8.2023	SÓ
20	2063	A	Stétt.	10.8.2023	SÓ
21	2063	N	Stétt.	10.8.2023	SÓ
22	2063	N	Stétt.	10.8.2023	SÓ
23	2063	V	Stétt.	10.8.2023	SÓ
24	2063	V	Stétt.	10.8.2023	SÓ
25	2063	A	Stétt.	10.8.2023	SÓ
26	2063	A	Stétt.	10.8.2023	SÓ
27	hreinsun	A	Mögulega brýni, hreinsun.	11.8.2023	SÓ
28	hreinsun	A	Mögulega brýni, hreinsun.	11.8.2023	SÓ
29	hreinsun	A	Mögulega brýni, hreinsun.	11.8.2023	SÓ
30	hreinsun	A	Mögulega brýni, hreinsun.	11.8.2023	SÓ
31	2064	ASA	Torf- og grjóthrun í norðvesturhorni.	11.8.2023	OI
32	2064	A	Torf- og grjóthrun í norðvesturhorni.	11.8.2023	OI
33	2064	SA	Torf- og grjóthrun í norðvesturhorni.	11.8.2023	OI
34	2064	S	Torf- og grjóthrun í norðvesturhorni.	11.8.2023	OI
35	2064	SV	Torf- og grjóthrun í norðvesturhorni.	11.8.2023	OI
36	2064	VSV	Torf- og grjóthrun í norðvesturhorni.	11.8.2023	OI
37	2067	A	Torfhrun og vindblásið efni.	11.8.2023	SÓ
38	2067	S	Torfhrun og vindblásið efni.	11.8.2023	SÓ

Rammi	Eining	Átt	Lýsing	Dags.	ID
39	2067	S	Torfhrun og vindblásið efni.	11.8.2023	SÓ
40	2067	N	Torfhrun og vindblásið efni.	11.8.2023	SÓ
41	2067	N	Torfhrun og vindblásið efni.	11.8.2023	SÓ
42	2066	S	Kol í jarðagi.	11.8.2023	BL
43	2066	S	Kol í jarðagi.	11.8.2023	BL
44	2065	A	Áfok og grjóthrun.	11.8.2023	HG
45	2065	A	Áfok og grjóthrun.	11.8.2023	HG
46	2068	A	Vinumynd af [2068].	14.8.2023	AGAR
47	2068	A	Vinumynd af [2068].	14.8.2023	AGAR
48		A	Vinumynd af suðvesturhorni.	14.8.2023	AGAR
49	2069	A	Torfblendingur með viðarkolum.	14.8.2023	OI
50	2069	S	Torfblendingur með viðarkolum.	14.8.2023	OI
51	2067	A	Vinumyndir.	14.8.2023	SÓ
52	2067	A	Vinumyndir.	14.8.2023	SÓ
53	2067	S	Vinumyndir.	14.8.2023	SÓ
54	2067	A	Vinumyndir.	14.8.2023	SÓ
55	2067	V	Vinumyndir.	14.8.2023	SÓ
56	2070	A	Torf- og grjóthrun í suðvesturhorni.	14.8.2023	AGAR
57	2070	S	Torf- og grjóthrun í suðvesturhorni.	14.8.2023	AGAR
58	2071	V	Grábrúnt torf með viðarleifum og grjóti.	14.8.2023	OI
59	2072	A	Vegghleðsla/kantur.	14.8.2023	SÓ
60	2072	A	Vegghleðsla/kantur.	14.8.2023	SÓ
61	2072	A	Vegghleðsla/kantur.	14.8.2023	SÓ
62	2072	N	Vegghleðsla/kantur.	14.8.2023	SÓ
63	2072	S	Vegghleðsla/kantur.	14.8.2023	SÓ
64	2072	V	Vegghleðsla/kantur.	14.8.2023	SÓ
65			Vinumynd.	14.8.2023	SÓ
66			Vinumynd.	14.8.2023	SÓ
67			Vinumynd.	14.8.2023	SÓ
68	2072	N	Kantur.	15.8.2023	SÓ
69	2072	A	Kantur.	15.8.2023	SÓ
70	2072	NV	Kantur.	15.8.2023	SÓ
71	2072	V	Kantur.	15.8.2023	SÓ
72	2073	V	Tilgengin grjóthleðsla/hrun.	15.8.2023	AGAR
73	2073	V	Tilgengin grjóthleðsla/hrun.	15.8.2023	AGAR
74	2074	S	Neðstu steinar fyrir vegg.	15.8.2023	HG
75	2074	S	Neðstu steinar fyrir vegg.	15.8.2023	HG
76	2074	N	Neðstu steinar fyrir vegg.	15.8.2023	HG
77	2074	N	Neðstu steinar fyrir vegg.	15.8.2023	HG
78	2074	V	Neðstu steinar fyrir vegg.	15.8.2023	HG
79	2074	V	Neðstu steinar fyrir vegg.	15.8.2023	HG
80	2074	V	Neðstu steinar fyrir vegg.	15.8.2023	HG

Rammi	Eining	Átt	Lýsing	Dags.	ID
81			Gripur 2023-55-4.	15.8.2023	SÓ
82			Gripur 2023-55-4.	15.8.2023	SÓ
83			Gripur 2023-55-4.	15.8.2023	SÓ
84			Gripur 2023-55-4.	15.8.2023	SÓ
85	2074	V	Neðsta steinaröð í norðurenda.	15.8.2023	OI
86	2074	V	Neðsta steinaröð í norðurenda.	15.8.2023	OI
87	2074	S	Neðsta steinaröð í norðurenda.	15.8.2023	OI
88	2075	V	Torfhrun úr vesturvegg.	15.8.2023	OI
89	2075	V	Torfhrun úr vesturvegg.	15.8.2023	OI
90	2075	V	Torfhrun úr vesturvegg.	15.8.2023	OI
91	2076	A	Uppfylling í dyraopi.	15.8.2023	SÓ
92	2076	A	Uppfylling í dyraopi.	15.8.2023	SÓ
93	2076	A	Uppfylling í dyraopi.	15.8.2023	SÓ
94	2076	N	Uppfylling í dyraopi.	15.8.2023	SÓ
95	2076	V	Uppfylling í dyraopi.	15.8.2023	SÓ
96	2077	S	Traðkað lag í hruni, mögulega gólf?	16.8.2023	HG
97	2077	V	Traðkað lag í hruni, mögulega gólf?	16.8.2023	HG
98	2077	N	Traðkað lag í hruni, mögulega gólf?	16.8.2023	HG
99	2077	N	Traðkað lag í hruni, mögulega gólf?	16.8.2023	HG
100	2078	N	Traðkað lag í hruni, mögulega gólf?	16.8.2023	HG
101	2078	N	Traðkað lag í hruni, mögulega gólf?	16.8.2023	HG
102	2078	V	Traðkað lag í hruni, mögulega gólf?	16.8.2023	HG
103	2078	S	Traðkað lag í hruni, mögulega gólf?	16.8.2023	HG
104	2076	A	Vinumynd, kolalinsa.	16.8.2023	SÓ
105	2076	A	Vinumynd, framan við inngang.	16.8.2023	SÓ
106	2076	A	Vinumynd, framan við inngang.	16.8.2023	SÓ
107	2076	A	Vinumynd, framan við inngang.	16.8.2023	SÓ
108	2076	A	Vinumynd, framan við inngang.	16.8.2023	SÓ
109	2076	SA	Jaspissteinar norðan við inngang.	16.8.2023	SÓ
110	2076	SA	Jaspissteinar norðan við inngang.	16.8.2023	SÓ
111	2076	SA	Jaspissteinar norðan við inngang.	16.8.2023	SÓ
112	2076	SA	Jaspissteinar norðan við inngang.	16.8.2023	SÓ
113	2076	SA	Jaspissteinar norðan við inngang.	16.8.2023	SÓ
114			Dæld vestan megin við steinþró.	16.8.2023	HG
115			Dæld vestan megin við steinþró.	16.8.2023	HG
116	2079	V	Fylling í steinþró.	16.8.2023	HG
117	2079	V	Fylling í steinþró.	16.8.2023	HG
118	2079	N	Fylling í steinþró.	16.8.2023	HG
119	2079	N	Fylling í steinþró.	16.8.2023	HG
120	2079	A	Fylling í steinþró.	16.8.2023	HG
121	2079	S	Fylling í steinþró.	16.8.2023	HG
122	2100	N	Kola- og malarlag.	16.8.2023	OI

Rammi	Eining	Átt	Lýsing	Dags.	ID
123	2102	S	Grábrúnt gólflag.	16.8.2023	HG
124	2102	S	Grábrúnt gólflag.	16.8.2023	HG
125	2102	N	Grábrúnt gólflag.	16.8.2023	HG
126	2102	N	Grábrúnt gólflag.	16.8.2023	HG
127	2102/3	V	Steinar í steinþró.	16.8.2023	HG
128	2102/3	V	Steinar í steinþró.	16.8.2023	HG
129	2102/3	N	Steinar í steinþró.	16.8.2023	HG
130	2102/3	N	Steinar í steinþró.	16.8.2023	HG
131	2102/3	N	Steinar í steinþró.	16.8.2023	HG
132	2102/3	N	Steinar í steinþró.	16.8.2023	HG
133	2102/3	N	Steinar í steinþró.	16.8.2023	HG
134	2102/3	V	Steinar í steinþró.	16.8.2023	HG
135	2102/3	V	Steinar í steinþró.	16.8.2023	HG
136	2102/3	N	Steinar í steinþró.	16.8.2023	HG
137	2102/3	N	Steinar í steinþró.	16.8.2023	HG
138	2102/3	V	Steinar í steinþró.	16.8.2023	HG
139	2102/3	S	Steinar í steinþró.	16.8.2023	HG
140	2102/3	A	Steinar í steinþró.	16.8.2023	HG
141	2101	A	Torfhrun.	17.8.2023	SÓ
142	2101	A	Torfhrun.	17.8.2023	SÓ
143	2101	N	Torfhrun.	17.8.2023	SÓ
144	2101	N	Torfhrun.	17.8.2023	SÓ
145	2086/2087	V	Grjóthrúga, ógrafin	17.8.2023	SÓ
146	2086/2087	A	Grjóthrúga, ógrafin	17.8.2023	SÓ
147	2086/2087	A	Grjóthrúga, ógrafin	17.8.2023	SÓ
148	2086/2087	N	Grjóthrúga, ógrafin	17.8.2023	SÓ
149	2086	N	Grjóthrúga, ógrafin	17.8.2023	SÓ
150	2105	A	Torfhrun.	17.8.2023	SÓ
151	2105	A	Torfhrun.	17.8.2023	SÓ
152	2105	A	Torfhrun.	17.8.2023	SÓ
153	2105	A	Torfhrun.	17.8.2023	SÓ
154	2105	N	Torfhrun.	17.8.2023	SÓ
155	2106	S	Hleðsluleifar? Hrun?	17.8.2023	OI
156	2106	N	Hleðsluleifar? Hrun?	17.8.2023	OI

Viðauki 5: Skýrslur Ólafsdalsrannsóknna

1. Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir. 2016. *Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í Ólafsdal. Viðauki með deiliskipulagsgreinargerð.* Fornleifastofnun Íslands FS618-16131, Reykjavík.
2. Birna Lárusdóttir. 2018. *Fornleifar í Ólafsdal við Gilsfjörð. Fornleifaskráning með landsháttagreiningu.* Fornleifastofnun Íslands FS708-16132, Reykjavík.
3. Birna Lárusdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir og Stefán Ólafsson. 2018. *Fornleifakönnun á víkingaaldarbæjarstæði í Ólafsdal.* Fornleifastofnun Íslands FS685-17231, Reykjavík.
4. Roberts, Howell M. og Birna Lárusdóttir. 2019. *Ólafsdalur 2018 - An interim report.* Fornleifastofnun Íslands FS731-18121, Reykjavík.
5. Lilja Björk Pálsdóttir. 2019. *Ólafsdalur við Gilsfjörð. Fornleifarannsóknir árið 2019. 2. áfangi.* Fornleifastofnun Íslands FS777-18122, Reykjavík.
6. Jakob Orri Jónsson, Birna Lárusdóttir og Guðrún Alda Gísladóttir. 2019. *Forkönnun vegna framkvæmda við fjós í Ólafsdal við Gilsfjörð.* Fornleifastofnun Íslands FS755-19181, Reykjavík.
7. Hólmfríður Sveinsdóttir. 2020. *Framkvæmdarannsókn vegna endurbyggingar smiðju og fyrirhugaðrar byggingar tæknihúss í Ólafsdal.* Fornleifastofnun Íslands FS808-20341, Reykjavík.
8. Lilja Björk Pálsdóttir og Hildur Gestsdóttir. 2021. *Ólafsdalur við Gilsfjörð. Fornleifarannsóknir árið 2020. 3. áfangi.* Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík FS841-18123.
9. Egill Erlendsson. 2020. „Fornumhverfisrannsókn við skálarúst í Ólafsdal.“ Viðauki 1. Í: Lilja Björk Pálsdóttir og Hildur Gestsdóttir. 2021. *Ólafsdalur við Gilsfjörð. Fornleifarannsóknir árið 2020. 3. áfangi.* Fornleifastofnun Íslands FS841-18123, Reykjavík, bls. 49-67.
10. Hildur Gestsdóttir. 2022. *Ólafsdalur við Gilsfjörð. Fornleifarannsóknir árið 2021. 4. áfangi..* Fornleifastofnun Íslands FS891-18124. Reykjavík.
11. Hildur Gestsdóttir. 2023. *Ólafsdalur við Gilsfjörð. Fornleifarannsóknir árið 2022. 5. áfangi.* Fornleifastofnun Íslands FS924-18125. Reykjavík.